

Lög foreldrafélags suzukinemenda Tónlistarskóla Árnesinga

1.gr. Heiti félagsins

Félagið heitir Foreldrafélagið Suzukitónar.

2. gr. Tilgangur félagsins og markmið

Tilgangur félagsins er að styðja við starf og nám suzukinemenda við Tónlistarskóla Árnesinga og efla og tryggja gott samstarf foreldra og starfsfólks skólans. Foreldrafélagið er félagasamtök og stendur ekki fyrir atvinnurekstri.

Markmiðum sínum hyggst félagið ná með að:

- ❖ Aðstoða við skipulagningu og framkvæmd á viðburðum og uppákomum sem skólinn eða félagið sjálft stendur fyrir í samráði við kennara skólans.
- ❖ Stuðla að auknum kynnum nemenda og foreldra í Suzukideild skólans.
- ❖ Hafa vakandi auga með því hvernig best megi stuðla að vellíðan nemenda, góðum aðbúnaði og almennri eflingu tónlistarnámsins.
- ❖ Vera bakhjarl skólans og veita stuðning sinn í þeim málum sem varða nemendur og kennara skólans.

3. gr. Félagsaðild.

Rétt til aðildar að Suzukitónum eiga foreldrar og forráðamenn Suzukinemenda Tónlistarskóla Árnesinga.

4. gr. Starfstímabil

Starfstímabil félagsins er allt árið, eftir þörfum.

5. gr.

Aðalfund skal halda í október eða nóvember ár hvert og skal boða til hans með að minnst tveggja vikna fyrirvara með sannanlegum hætti. Aðalfundur er löglegur, sé rétt til hans boðað. Einfaldur meirihluti mættra félagsmanna ræður úrslitum mála. Dagskrá aðalfundar skal vera sem hér segir:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara
2. Skýrsla stjórnar lögð fram
3. Reikningar lagðir fram til samþykktar
4. Lagabreytingar
5. Ákvörðun félagsgjalds
6. Kosning stjórnar
7. Önnur mál

6.gr.

Stjórn félagsins skal skipuð 5 félagsmönnum, formanni og 4 meðstjórnendum, kjörnum á aðalfundi til tveggja ára í senn, 2-3 stjórnarmenn annað hvert ár, og 2-3 hitt árið. Einnig er heimilt að kjósa allt að 4 varamenn. Stjórnin skiptir með sér verkum. Stjórn félagsins fer með málefni félagsins milli aðalfunda. Formaður boðar til funda.

7.gr.

Ákvörðun um félagsgjald skal tekin á aðalfundi. Félagsgjöld skulu innheimt að hausti ár hver, kr. 2000 á hvert heimili. Félagsgjöld eru innheimt með því að gefa upp reikningsnúmer og biðja fólk að leggja inn á.

8. gr.

Rekstrarafgangi/hagnaði af starfsemi félagsins (ef einhver er) skal varið í hvað það sem stjórnin telur að best muni þjóna tilgangi félagsins. Félagsmenn skulu ekki njóta fjárhagslegs ávinnings af starfsemi félagsins.

9. gr.

Ákvörðun um slit félagsins skal taka á aðalfundi með einföldum meirihluta atkvæða og renna eignir þess til Tónlistarskóla Árnesinga, eða annarrar tónlistartengdrar starfsemi sem ákveðin verða á slitafundi.

Tónlistarskóla Árnesinga 14. okt 2019

_____	_____	_____
Formaður	Gjaldkeri	ritari
_____	_____	_____
meðstjórnandi	Meðstjórnandi	Varamaður

Varamaður		